

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa

Alþingi

Erindi nr. Þ 121 / 500

komudagur 13 / 12 1996

Pósthólf 5150
125 Reykjavík – Iceland
Kennitala 430775-0229


Reykjavík 12.12.1996

Efnahaga-og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Umsögn um frv. til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Frumvarp þetta er niðurstaða af viðræðum á milli fulltrúa heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fulltrúa fjármálaráðherra. Hefur félagið fylgst með gangi þessara viðræðna á vettvangi heildarsamtaka sinna. Það er mat félagsins að niðurstaða þessara viðræðna, þ.e. fyrirliggjandi frumvarp, feli í sér ásættanlega niðurstöðu fyrir félagsmenn. Það stendur upp úr að heildarréttindi í hinu nýja kerfi eru talin af tryggingafræðingum jafnverðmæt og núgildandi kerfi, enda þótt kerfinu sjálfu sér breytt í grundvallaratriðum. Áskilið er að þeim sem nú eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna verði gert kleift að vera áfram í þessum sjóðum með óbreytt réttindi. Félagið mun fylgjast með framgangi málsins og mun við kröfugerð vegna komandi kjarasamninga nú eins og jafnan áður gera áskilnað um að heildarverðmæti lífeyrisréttinda verði óskert.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar SÍF


Dögg Káradóttir, formaður.